

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. febrúar 2024

Mál nr. S-3838/2023:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kristín Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Andris Filimonovs

(Birkir Már Arnason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 30. janúar sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 20. júní 2023, á hendur Andris Filimonovs, kt. [...], [...], fyrir „líkamsárás með því að hafa, sunnudaginn 5. september 2021, á Z við [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kt. [...], og slegið hann með billjard kjuða í hægri hendi, með þeim afleiðingum að hann hlaut fingurbrot á löngutöng

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, til vara að ákvörðun refsingar ákærða verði frestað skilorðsbundið og til þrautavara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegrar þóknunar sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Þann 20. júní 2023 var lögregla kölluð að Z við [...] vegna manns sem gengi berserksgang. Er lögreglumenn komu á staðinn voru tveir menn fyrir utan. Annar þeirra gaf sig strax á tal við lögreglu og reyndist hann vera brotápoli. Hann benti á hinn manninn og sagði ítrekað: „he hit me“. Hinn maðurinn reyndist vera ákærði og bar hann þess merki að vera undir töluverðum áfengisáhrifum. Hann var valtur á fótum, óskýr í tali og baðaði út höndum. Ákærði var færður í lögreglubifreiðina á meðan annar lögreglumaðurinn fór inn á Z.

Þar inni hittist fyrir starfsmaðurinn B sem virtist vera í miklu uppnámi og óð úr

einu í annað. Erfiðlega gekk að ræða við hana vegna tungumálaörðugleika en hún sagði ákærða hafa verið með mikil læti og uppsteyt inni á staðnum. Hann hefði m.a. brotið kristalskúlu sem hefði verið á barborðinu. Reynt var að koma því á framfæri að að tryggja þyrfti myndbandsupptökur af staðnum, auk þess sem eigandi staðarins þyrfti að panta tíma í kærumóttöku hygðist hann leggja fram kæru.

Brotapoli kom svo inn á staðinn ásamt tveimur mönnum; C og D. Framburður þeirra var tekinn niður fyrir utan staðinn. Brotapoli kvaðst hafa verið að spila billjard við þá C og D þegar ákærði hefði farið að láta öllum illum látum inni á staðnum. Ákærði hefði síðan gengið upp að þeim með billjardkjuða og slegið brotapola þéttingsfast í höndina með þeim afleiðingum að langatöng hægri handar væri farin að bóligna auk þess sem brotapoli sagðist ekki geta hreyft einn fingurinn. Þeir C og D staðfestu vitnisburð brotapola. Brotapoli fór því næst á slysa- og bráðamóttöku til þess að láta meta áverkana á fingrinum og fá áverkavottorð.

Þann 17. september 2021 mætti brotapoli á lögreglustöð til að leggja fram kæru vegna líkamsárásar. Hann kvaðst hafa verið staddur á Z ásamt félögum sínum, D og C, eftir vinnu að spila billjard. Hann hefði þá séð ákærða brjálaðan og öskrandi brjóta billjardkjuða í tvennt á hné sér. Ákærði hefði síðan litið til þeirra vinanna og komið til þeirra algjörlega að tilefnislausu og lamið brotapola í andlitið einu höggi með kjuðanum. Af ótta við högg í andlitið hefði hann borið fyrir sig báðar hendur og fengið högg á hægri hönd sína. Hann hefði í fyrstu ekki gert sér grein fyrir því að hann væri slasaður. Eftir höggið hefði hann tekið utan um ákærða og lagt hann í jörðina. Frekari högg hefðu ekki átt sér stað. Ákærði hefði þó reynt að ráðast á fleiri en ekkert alvarlegt hefði komið út úr því. Brotapoli hefði verið sá eini sem hefði meiðst. Hann hefði farið á slysadeild eftir atvikið og í ljós hefði komið að hann hefði hlotið meiðsl á tveimur fingrum og langatöng væri brotin. Brotapoli kvaðst hafa verið á reynslutíma hjá bílaþvottastöð en ekki getað unnið vegna meiðslanna og hann hefði ekki fengið áframhaldandi vinnu þar.

Í læknisvottorði E, sérfræðilæknis á slysa- og bráðadeild, dags. 20. október 2021, kemur fram að brotapoli hafi leitað á bráðadeild 5. september 2021 og greint frá því að ráðist hefði verið að sér með billjardkjuða og hann sleginn með honum í hægri hönd. Eftir þetta hafi hann verkjað í hægri löngutöng, mest yfir miðkjúkunni, og hafi ekki getað hreyft fingurinn vegna verkja. Við skoðun á hægri hendi hafi verið bólga yfir miðkjúku á löngutöng og sjáanlegt mar. Brotapoli hafi verið með þreifieymsli og hvorki getað beygt fingurinn né rétt úr honum. Eðlilegt blóðflæði og tilfinning hafi verið í fingrinum, eðlilegur húðlitur og hiti í fingrinum og góðir púlsar í útlimum. Tekin hafi verið röntgenmynd af hægri hendi með tilliti til löngutangar og hafi þá komið í ljós margbrot í miðkjúkunni. Sjáanleg skekkja hafi verið í fingrinum en ekki snúningsskekkja. Brotapoli hafi því verið greindur með fingurbrot, S62.6. Brotið hafi verið rétt í deyfingu og sett á fingurstrapp. Fengin hafi verið ráðgjöf bæklunarskurðlækna þar sem um hafi verið að

ræða brot með skekkju og í mörgum hlutum. Brotapoli hafi farið heim samdægurs en eftirlit hafi verið ráðgert hjá bæklunarlæknum daginn eftir þar sem ákveðin hafi verið meðferð án aðgerðar. Þá hafi brotapolí komið aftur í eftirlit 15. september 2021. Áframhaldandi meðferð hafi verið fingerstrapp án nokkurrar hreyfingar í 10 daga til viðbótar og í framhaldinu að byrja að hreyfa fingurinn með litlu sem engu álagi. Þá hafi verið ráðlögð sjúkraþjálfun ef stífleiki og hreyfiskerðing yrði vandamál eftir að hann færi úr fingerstrappinu. Áætlaður batatími vegna brotsins var metinn mánuður miðað við að brotið greri eðlilega.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa farið á Z til að spila. Langt væri um liðið frá þessu og hann hefði verið ölvaður og því ætti hann erfitt með að muna eftir smáatriðum. Hann myndi þó að hann hefði sest við spilavél og vélin hefði svo hætt að borga peninga. Hann hefði farið til starfsmanns og beðið hana að líta á þetta en erfitt hefði verið að eiga samskipti við hana vegna tungumálaörðugleika. Hann myndi ekki nákvæmlega hvað hefði verið sagt en hann myndi ekki eftir ágreiningi. Hann hefði orðið stressaður og myndi ekki hvað hefði gerst í kjölfarið. Hann teldi þó að brotapolí hefði ætlað að henda honum út af barnum. Hann myndi næst eftir því að vera fyrir utan staðinn og bíða eftir lögreglunni. Hann væri þó sannfærður um að hann hefði ekki ráðist að neinum þar sem hann væri ekki þannig maður. Hann kannaðist ekki við brotapolá og hefði ekki verið að spila billjard. Hann gæti því ekki ímyndað sér hvernig þetta hefði gerst. Hann hefði ekki hugmynd um hvernig brotapolí hefði getað brotnað á fingri. Ákærði kvaðst eiga í vandræðum með áfengisneyslu. Þennan dag hefði hann verið að koma úr boði en hann hefði ekki verið búinn að drekka í langan tíma. Þá hefði hann verið í [...] á þessum tíma og að taka lyf. Hann taldi framburð sinn hjá lögreglu geta skýrst af því að sér hefði liðið illa eftir atburði dagsins og viljað komast heim sem fyrst. Hann hefði því verið tilbúinn til að segja hvað sem var.

Brotapoli, A, kvaðst hafa verið að spila billjard eftir vinnu með félögum sínum þegar ákærði hefði komið að þeim að tilefnislausu með brotinn billjardkjuða og slegið hann í höfuðið. Hann hefði bjargað höfðinu með því að bera hendurnar fyrir sig þannig að þær hefðu orðið fyrir högginu. Hann hefði aldrei séð ákærða áður en hann hefði virst stór og sterkur og hann hefði orðið hræddur við hann. Annar vina hans hefði verið hjá honum en hinn hefði brugðið sér frá. Þeir hefðu fyrst séð ákærða rífast og öskra á konu við barinn. Hann hefði greinilega verið mjög reiður og mikið hefði gengið á. Síðan hefði ákærði komið að þeim og notað handfang billjardkjuðans til að slá brotapolá. Höggið hefði beinst að höfði hans en hann hefði borið hendurnar fyrir sig og reynt að halda ákærða frá. Hann hefði áður fengið áverka á höfuðið og því óttast mjög að eitthvað kæmi fyrir það. Ákærði hefði verið mjög reiður og reynt að komast burt en þeir félagarnir hefðu

stöðvað hann, lagt hann í gólfíð og tilkynnt honum að lögreglan væri á leiðinni. Ákærði hefði reynt að kýla þá, en þeir hefðu reynt að stöðva hann og ekki veitt honum nein högg á móti. Brotapoli kvaðst hafa verið með áverka á hendinni eftir þetta og komið hefði í ljós að hann væri margfingurbrotinn. Hann hefði ekki getað unnið sömu störf eftir þetta. Brotapoli taldi að sex til sjö aðrir hefðu verið á staðnum. Þetta hefði endað með því að hann hefði farið út af staðnum og beðið eftir lögreglu. Þegar hann hefði verið á leiðinni út hefði ákærði verið að kýla og sparka í hurðina. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa reynt að koma ákærða út. Aðspurður kvaðst hann telja að hann og félagar hans hefðu verið við billjardborð næst útidyrnum. Spurður hvort hann þekkti starfsmanninn á staðnum sem ákærði hefði rifist við kvaðst hann einungis kannast við hana sem starfsmann þar sem hann kæmi oft þarna. Spurður nánar um billjardkjuðann minnti hann að hann hefði séð ákærða brjóta hann en hann kvaðst þó ekki vera alveg viss. Hann væri þó alveg viss um hvor endinn hefði verið notaður við höggið. Hann taldi atvikið hafa gerst hratt, eða á tveimur til þremur mínútum.

Vitnið D kvaðst hafa verið með vinum sínum á Z að spila billjard þegar ákærði, sem hefði verið þar staddur, hefði skyndilega farið að öskra og rífast við starfsmann um peninga. Hann hefði sakað starfsmanninn um að stela af sér peningum. Ákærði hefði síðan tekið billjardkjuða og fyrirvaralaust ráðist að brotapola og slegið í átt að andliti hans. Vitnið taldi að kjuðinn hefði verið brotinn eða hefði brotnað við höggið. Brotapoli hefði lyft hendinni til að verjast höggi en fengið kjuðann á höndina sem hefði brotnað. Vitnið kvaðst hafa brugðið sér burt frá vinum sínum rétt áður en hafa heyrt lætin í ákærða og séð hann ráðast að brotapola. Hann hefði þá strax hlaupið til þeirra og hefði ásamt félagam sínum reynt að halda ákærða og bíða komu lögreglu. Erfitt hefði verið að hafa stjórn á ákærða og hann hefði áfram reynt að kýla frá sér. Þeir hefðu reynt að róa ákærða og koma í veg fyrir að hann réðist á fleiri, fært hann að dyrunum og reynt að opna en svo sleppt honum og farið að sinna brotapola. Brotapoli hefði verið með áverka á hendi og lögreglan hefði bent þeim á að fara með hann á spítala sem þeir hefðu síðan gert. Vitnið taldi að ákærði hefði verið mjög drukkinn eða hugsanlega undir áhrifum fíkniefna. Hann hefði sjálfur ekki drukkíð neitt. Aðspurður kvað hann þá félagana hafa verið að spila við fjórða billjardborðið inn eftir staðnum. Þá taldi hann að um tíu gestir hefðu verið á staðnum. Atvikin hefðu gerst hratt og einungis tekið örfáar mínútur. Ákærði hefði jafnframt reynt að ráðast að vitninu sjálfu en hann hefði ekki fengið áverka. Enginn hefði hins vegar veist að ákærða.

Vitnið C kvaðst hafa verið í billjard með vinum sínum. Ákærði hefði verið mjög drukkinn við barinn og rifist við starfsmann. Skyndilega hefði hann ráðist að brotapola með billjardkjuða, en brotapoli hefði reynt að verja sig með því að lyfta höndunum til að fá ekki högg á höfuðið og hefði því fengið högg á hönd í staðinn. Vitnið hefði litið upp frá billjardborðinu og séð þetta gerast og hrópað á brotapola að vara sig. Þeir félagarnir

hefðu reynt að ganga á milli og taka utan um ákærða til að stöðva hann. Hann hefði aldrei séð ákærða áður en hann hefði verið mjög drukkinn og æstur og m.a. reynt að brjóta rúðu með stól. Erfitt hefði reynt að stöðva hann, hann hefði reynt að ráðast á alla en enginn hefði hins vegar veist að ákærða. Aðspurður mundi hann ekki eftir að hafa dregið ákærða út. Eigandi staðarins hefði kallað til lögreglu og þeir félagarnir hefðu svo farið með brotþola á bráðamóttökuna. Þetta hefði allt gerst mjög hratt. Hönd brotþola hefði strax bólgnað eftir atvikið og hann hefði verið í áfalli. Vitnið kvaðst ekki hafa drukkið neitt áfengi. Aðspurður kvað hann fleiri hafa verið á staðnum og þeir hefðu verið á fyrsta borðinu við innganginn.

Vitnið B, starfsmaður Z, kvað ákærða hafa drukkið bjór á staðnum og verið í spilakassa. Hann hefði verið með 5.000 krónur og beðið hana um peninga fyrir spilakassann. Hann hefði svo komið aftur og orðið reiður yfir því að geta ekki spilað. Hann hefði verið mjög drukkinn og öskrað á hana þar sem hann hefði tapað peningunum sínum og viljað fá þá til baka. Hún hefði neitað að endurgreiða honum og hann hefði þá veist að henni. Hún hefði orðið óttaslegin, hlaupið inn í eldhús og beðið yfirmann sinn að kalla á lögreglu. Hún hefði síðan séð frá eldhúsinu að ákærði hefði gengið að þremur mönnum sem hefðu verið að spila billjard og brotið fingur eins þeirra með billjardkjuða. Ákærði hefði verið beðinn að hætta en hann hefði verið brjáláður, tekið stól og ráðist að fólki. Mennirnir þrír hefðu reynt að stöðva ákærða en hann hefði verið sterkur og erfitt að halda honum. Hann hefði síðan hlaupið út en enginn hefði slegið eða sparkað til ákærða. Þessi atvik hefðu tekið nokkra stund, allt að 20 til 25 mínútur. Eftir þetta hefði hún séð að billjardkjuðinn var brotinn. Vitnið kvaðst kannast við bæði ákærða og brotþola sem fastagesti á veitingastaðnum en ekki þekkja til þeirra á annan hátt. Aðspurð kvaðst hún telja að gestir hefðu verið um tíu þegar atvikið átti sér stað. Þetta hefði gerst við billjardborð nálægt útidyrnum.

Vitnið E bráðalæknir greindi frá komu brotþola á bráðamóttöku. Hann hefði verið vel meðvitaður og gefið skýra sögu. Hann hefði greint frá því að ráðist hefði verið á hann og hann sleginn með billjardkjuða á hægri hönd, kvartað yfir sársauka í hendinni og ekki getað hreyft fingur. Við skoðun hefði sést bólga í þriðju kjúku löngutangar og röntgenmynd hefði sýnt margbrot í fingrinum. Brotþoli hefði verið deyfður og spelka sett um löngutöng hans. Sérfræðilæknar hefðu mælt með endurskoðun daginn eftir og brotþoli hefði komið þá og aftur tíu dögum seinna. Ekki hefði verið talin þörf á aðgerð en mælt með spelku og lítilli hreyfingu næstu daga. Þá hefði verið mælt með sjúkrahjálfun ef fingurinn yrði stífur eftir að spelkan væri fjarlægð. Áætlað hefði verið að það tæki mánuð að jafna sig en brotþoli hefði ekki komið aftur á bráðamóttöku vegna þessa. Mögulegt væri að lengri tíma þyrfti til að jafna sig og einnig gætu orðið langtímafleiðingar, t.d. skert hreyfigeta. Áverkar brotþola samræmdust vel sögu hans. Mögulegt væri að veita sér slíka áverka sjálfur en ólíklegt. Mikið afl þyrfti til að koma

til að fá slíkan áverka. Um væri að ræða mörg lítil brot í brotinu en það teldist vera fullkomið brot. Hvort sem þetta væri kallað brot eða brákun væri um brot að ræða.

Lögreglumaður nr. F kvaðst hafa farið á Z eftir tilkynningu um líkamsárás. Þegar að hefði verið komið hefðu tveir menn verið fyrir utan og annar þeirra hefði verið „víðáttuölvaður“. Hinn maðurinn, sem hefði reynst vera brotaþoli, hefði baðað út höndum og sagt að drukkni maðurinn, ákærði, hefði slegið sig. Lögreglumennirnir hefðu tekið ákærða afsíðis, þar sem hann hefði verið mjög ölvaður. Hann hefði síðan farið inn og rætt við vitni. Fram hefði komið að ákærði hefði brotið glerkúlu á barborðinu og síðan slegið brotaþola með billjardkjuða. Rætt hefði verið við barþjón og síðan við brotaþola og félag hans sem hefðu orðið vitni að atvikinu, fyrir utan staðinn. Brotaþoli hefði verið farinn að bóligna og þeir hefðu bent honum á að fara á slysadeild. Ákærði hefði verið fluttur á lögreglustöð. Erfitt hefði verið að eiga samskipti við hann vegna ölvunar og tungumálaerfiðleika. Aðspurður kvað vitnið fleiri viðskiptavini hafa verið á staðnum. Eftirlitsmyndavélar hefðu verið sjáanlegar á staðnum og hann hefði bent barþjóni á að láta eigandann vita af því að tryggja þyrfti upptökur úr þeim.

Lögreglumaður nr. G kvaðst hafa farið í útkall á Z vegna manns sem hefði látið öllum illum látum. Bent hefði verið á ákærða, sem hefði verið verulega ölvaður, og sagt að hann væri gerandinn. Ákærði hefði verið settur í handjárn og inn í lögreglubíl. Vitnið hefði staðið hjá honum á meðan hinn lögreglumaðurinn hefði rætt við vitni á staðnum. Brotaþoli hefði bent á ákærða og sagt hann hafa slegið sig. Vitnið hefði ekki farið inn á staðinn en séð að þar voru fleiri gestir.

Niðurstaða

Ákærða er gefin að sök líkamsárás með því að hafa veist með ofbeldi að brotaþola og slegið hann með billjardkjuða í hægri hönd, með þeim afleiðingum að hann hlaut fingurbrot á löngutöng. Ákærði neitar sök og ber fyrir sig minnisleysi. Hann kvaðst vera viss um að hann hefði ekki ráðist að neinum, hann sýndi aldrei af sér slíka hegðun.

Brotaþoli kvað ákærða skyndilega hafa ráðist að sér án tilefnis með billjardkjuða á lofti. Hann hefði borið hendurnar fyrir sig til að fá ekki högg á höfuðið og því fengið högg á hægri höndina. Síðan hefðu hann og félagar hans náð að leggja ákærða niður. Framburður hans er skýr og í samræmi við það sem hann greindi frá á vettvangi og við skýrslugjöf hjá lögreglu.

Þrjú vitni komu fyrir dóminn sem kváðust hafa séð atvikið, tveir félagar brotaþola og starfsmaður Z. Framburður þeirra er í fullu samræmi við framburð brotaþola um atvik málsins en þau lýstu því öll hvernig ákærði hefði skyndilega ráðist að brotaþola og veitt honum högg með billjardkjuða. Ákærði hefði eftir það verið stöðvaður og honum haldið niðri en enginn hefði veist að ákærða með neinum hætti. Af framburði allra framangreindra er ekki fyllilega ljóst nákvæmlega við hvaða billjardborð atvikið varð

eða hvort billjardkjuðinn var brotinn fyrir höggið eða eftir. Þar er um að ræða aukaatriði en öll vitnin hafa verið skýr um það sem máli skiptir, að ákærði hafi veitt brotaþola högg með billjardkjuða sem hafi lent á hendi hans. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að um einhvers konar neyðarvörn hafi verið að ræða.

Þá liggur fyrir vottorð um afleiðingar framangreinds höggs sem læknir staðfesti fyrir dómi. Hann kvað um að ræða fingurbrot og samræmdest það fyllilega sögu brotaþola af atvikum.

Með hliðsjón af trúverðugum og staðföstum framburði brotaþola sem fær stuðning í framburði vitna og læknisfræðilegum gögnum er komin fram full sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um það sem honum er gefið að sök í ákæru. Með hliðsjón af læknisvottorði og framburði læknis fyrir dómi verður fallist á að heimfæra beri háttsemina til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eins og gert er í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 16. júní 2023, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Ákærði greindi frá því fyrir dóminum að þegar atvik málsins hefðu átt sér stað hefði hann verið að taka lyf við [...] sem gætu hafa stuðlað að ástandi hans. Engin gögn liggja fyrir dóminum um það hvaða lyf ákærði var að taka eða áhrif þeirra. Þá hefur vímuástand ekki áhrif á refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af öllu framangreindu og að teknu tilliti til dráttar við meðferð málsins, afleiðinga árásarinnar og þess að hún var algjörlega tilefnislaus þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Birkis Más Árnasonar lögmanns, 870.480 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 44.532 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kristín Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Andris Filimonovs, sæti fangelsi í 60 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Birkis Más Árnasonar lögmanns, 870.480 krónur, og 44.532 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir